

Heimabanka- og appskilmálar

Eftirfarandi skilmálar kveða á um notkunarreglur vegna viðskipta í Heimabanka og appi Sparisjóðanna, sem eru Sparisjóður Austurlands kt. 621214-0630, Sparisjóður Höfðhverfinga kt. 610269-6569, Sparisjóður Strandamanna kt. 610269-4199 og Sparisjóður Suður-Pingeyinga kt. 530990-2149. Skilmálarnir gilda um alla notkun notanda á Heimabankanum og appinu og vegna viðskipta notanda í gegnum Heimabankann og appið við þann sparisjóð/þá sparisjóði sem notandi er í viðskiptum við. Þegar vísað er til Sparisjóðsins í skilmálum þessum vísar það til þess sparisjóðs/þeirra sparisjóða sem notandi er í viðskiptum við.

1. Almenn notkun Heimabanka og apps

1.1. Ef notandi hefur við undirskrift skilmála þessara ekki áður stofnað til viðskipta við Sparisjóðinn þá skal hann framvísa fullgildum persónuskilríkjum, þ.e. vegabréfi, ökuskírteini, nafnskírteini eða rafrænu skilríki, og láta Sparisjóðnum í té allar aðrar upplýsingar sem krafist er.

Notanda er skylt að uppfylla og verða við öllum kröfum Sparisjóðsins á grundvelli ákvæða laga og reglna um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og annarra laga og reglna sem í gildi eru.

1.2. Heimabanki Sparisjóðsins er aðgengilegur notanda með því að auðkenna sig með persónubundnum öryggisþáttum svo sem notandanafni og lykilorði eða með rafrænum skilríkjum eða Auðkennisappinu. App Sparisjóðsins er aðgengilegt með rafrænum skilríkjum og andlitsauðkenni/fingrafari. Aðgengi að Heimabanka og appi eru í samræmi við öryggiskröfur Sparisjóðsins. Með Heimabanka og appi getur notandi annast öll helstu bankaviðskipti og notað lausnir og vörur sem þær bjóða upp á.

Allar fjárhagslegar upplýsingar svo og millifærslur eru takmarkaðar við skráðan notanda. Notandi samþykkir að hlíta eftirfarandi reglum um notkun á ofangreindum persónubundnu öryggisþáttum við innskráningu og viðskipti sín í Heimabanka og appi Sparisjóðsins.

1.3. Óski notandi þess getur hann fengið fleiri en einn aðgang á sömu rafrænu skilríkin eða meira en eitt notandanafn og aðgangsorð með misvíðtækum aðgangsheimildum. Notandi getur veitt umboðsmönnum á reikningum í Sparisjóðnum aðgang að viðkomandi reikningum í gegnum Heimabanka og app Sparisjóðsins til að framkvæma fjárhagslegar færslur.

1.4. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum aðgerðum sem og fjárhagslegum færslum sem framkvæmdar eru í Heimabanka og/eða appi með rafrænum skilríkjum og/eða öðrum persónubundnum öryggisþáttum við innskráningu og/eða notandanöfnum og aðgangsorðum hans eða í hans nafni. Undirskrift notanda á samning þennan jafngildir undirskrift fyrir þær færslur sem notandi gerir í heimabanka og/eða appi Sparisjóðsins, enda séu færslur tryggðar með fjögurra stafa öryggisnúmeri. Sama gildir um færslur sem notandi gerir samkvæmt skriflegu umboði frá öðrum aðila. Notandi ber ábyrgð á öllum færslum þar sem rétt rafræn skilríki og/eða notandanafn og aðgangsorð eru notuð og notkun þeirra jafngildir undirskrift notanda. Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem notandi verður fyrir af röngum færslum.

1.5. Notandi ábyrgist að allir þeir fjármunir sem fara í gegnum Heimabanka og/eða app eru fjármunir í eigu notanda. Notandi skuldbindur sig til að tilkynna Sparisjóðnum skriflega ef einhverjir þeir fjármunir sem hann hefur eða kemur til með að afhenda Sparisjóðnum eru ekki í eigu hans sjálfs.

Skylda þessi er tilkomin vegna ákvæða laga og reglna um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

1.6. Notandi ber fulla ábyrgð á meðferð rafrænna skilríkja og/eða notandanafna og aðgangsorða og skuldbindur sig til að varðveita slíkar öryggisupplýsingar með tryggum hætti og ber ábyrgð á því að þær berist ekki til óviðkomandi aðila eða séu aðgengilegar öðrum. Til að koma í veg fyrir misnotkun skal notandi tryggja að enginn óviðkomandi þekki lykilorð (númer fyrir auðkenningu) rafrænna skilríkja og/eða aðgangsorðið eða hafi aðgang að tæki þegar það er tengt Sparisjóðnum. Notandi skal t.d. ekki skilja við öryggisupplýsingar í vél- og/eða hugbúnaði þannig að þau sitji eftir í innsláttarglugga í vefskoðara og séu þannig aðgengileg öðrum.

1.7 Notandi skal tilkynna Sparisjóðnum án tafar ef grunur leikur á að óviðkomandi aðili hafi komist yfir upplýsingar sem gerir honum kleift að komast inn í heimabanka og/eða app Sparisjóðsins. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að fara fram á að notandi skipti um innskráningarleið. Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð á misnotkun ef einhver óviðkomandi aðili þekkir lykilorð (númer fyrir auðkenningu) eða aðgangsorð notanda.

1.8. Til að tryggja öryggi áskilur Sparisjóðurinn sér rétt til að verða ekki við fyrirmælum notanda ef Sparisjóðurinn af einhverjum ástæðum telur að fyrirmæli; hafi ekki verið gefin af notanda, séu óvenjuleg miðað við það sem almennt tíðkast í sambærilegum viðskiptum, séu sérstök eða óvenjuleg miðað við fyrri viðskipti, brjóti í bága við skilmála þessa eða Sparisjóðsins og /eða lög og reglur. Sparisjóðurinn áskilur sér einnig rétt til að verða ekki við fyrirmælum notanda ef vafi leikur á um aðgangsheimild eða efni viðskiptanna.

1.9. Notandi ber fulla ábyrgð á þeirri aðferð og þeim búnaði sem hann kýs að nota við notkun á heimabanka og/eða appi. Á sama hátt ber notandi ábyrgð á að búnaður hans sé rétt stilltur og í samræmi alla helstu öryggisstaðla sem eru í gangi hverju sinni sem og við fyrirmæli Sparisjóðsins eins og þau kunna að vera á hverjum tíma. Í vafatilvikum ber að hafa samband við Sparisjóðinn. Sparisjóðurinn hefur heimild til að skoða tæknilegt umhverfi og nettengingar notanda sem og önnur atriði er tengjast tölvutengingu við Sparisjóðinn vegna viðskipta í Heimabanka og appi Sparisjóðsins.

1.10. Notanda ber að tilkynna Sparisjóðnum án tafar ef eitthvað í tæknilegri þjónustu Sparisjóðsins bilar eða bregst, notandi verður var við óvenjulegar seinkanir eða villuboð þegar hann notar Heimabanka og /eða app Sparisjóðsins.

1.11. Ef notandi sendir beiðni um gjaldeyrisyfirfærslu þá skuldbindur notandi sig til að hlíta í einu og öllu ákvæðum laga um gjaldeyrisráðgjafi, nr. 70/2021 svo og reglum og reglugerðum samkvæmt þeim og lögum, reglum og löggjöf sem síðar kunna að verða sett um málefnið.

1.12. Ef notandi nýtir sér aðgang að Heimabanka og/eða appi Sparisjóðsins frá öðru landi en Íslandi er það á ábyrgð notanda því í einstaka ríkjum kann það að vera lögbrot og/eða varðað við refsiaðbyrgð að nota veraldarvefinn eða tiltekin fjarskiptatæki. Notandi ber alla ábyrgð á að notkun hans á Heimabanka og/eða appi Sparisjóðsins samrýmist lögum þess ríkis þar sem hann er staddur þegar hann nýtir sér Heimabankann og/eða appið.

1.13. Öll viðskipti sem eiga sér stað á grundvelli samnings þessa eru meðhöndluð sem trúnaðarmál og í samræmi við lög og reglur um persónuvernd og bankaleynd.

2. Kostnaður og gjöld

2.1. Notandi greiðir fyrir notkun á Heima- og/eða Fyrirtækjabanka í samræmi við verðskrá Sparisjóðsins eins og hún er á hverjum tíma.

Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að krefjast þjónustugjalds fyrir nýja/breytta þjónustu sem Sparisjóðurinn mun bjóða notanda í framtíðinni. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að ákvarða einhliða þá þjónustu sem Heimabanki og/eða app Sparisjóðsins veitir á hverjum tíma og auka hana eða minnka.

Breytingar á þjónustugjöldum og/eða þegar nýjungum er bætt við taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara ef þær eru til hagsbóta fyrir notandann eða varða atriði sem falla utan gildissviðs laga um greiðsluþjónustu nr. 114/2021. Að öðrum kosti taka breytingar gildi með tveggja mánaða fyrirvara. Notandi telst hafa samþykkt breytingarnar ef ekki eru gerðar athugasemdir innan þess tíma.

2.2. Þjónustugjöld verða gjaldfærð á skuldfærslureikning í eigu notanda.

3. Ábyrgð

3.1. Sparisjóðurinn ábyrgist ekki aðgang að Heimabanka og/eða appi Sparisjóðsins öllum stundum. Sparisjóðurinn ber í engum tilfellum ábyrgð á tjóni vegna tapaðra viðskiptatækifæra eða annars óbeins tjóns eða aukins kostnaðar af viðskiptum vegna bilana, tímabundinni lokun eða truflana á Heimabanka og/eða appi Sparisjóðsins hvort sem rekja má þær til utanaðkomandi aðila eða Heimabanka og/eða apps s.s. vegna uppfærslna eða lagfæringar á vélbúnaði eða hugbúnaðarkerfum Heimabanka og/eða apps eða vegna mistaka eða gáleysis starfsmanna sem veldur rofi eða truflun eða breytingu á virkni á þjónustu eða aðgangi að Heimabanka og/eða appi Sparisjóðsins. Í þeim tilvikum þar sem notandi getur ekki nýtt sér Heimabanka og/eða app er honum bent á að nýta sér aðrar leiðir til að koma fyrir mælum til Sparisjóðsins.

3.2. Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð á neinu óbeinu eða afleiddu tjóni, sem notandi kann að verða fyrir, hvaða nafni sem það kann að nefnast. Sparisjóðurinn er ekki ábyrgur fyrir atvikum sem stafar af óviðráðanlegum orsökum (force majeure) t.d. verkföllum, truflun í síma- og fjarskiptanetum, rafmagnsleysis, hryðjuverkum, náttúruhamförum, viðskiptabanni, farsóttu og öðrum sambærilegum atvikum sem leiða til þess að notandi getur ekki nýtt sér þjónustu í Heimabanka og/eða appi.

3.3. Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem stafar af atburðum sem eru stjórnmálalegs, félagslegs, fjármálalegs eða efnahagslegs eðlis og eru líkleg til að koma í veg fyrir, rjúfa eða trufla að hluta eða öllu leyti þá þjónustu sem Heimabanki og/eða app veitir, jafnvel þó að slík atvik flokkist ekki undir óviðráðanleg atvik í lið 3.2.

3.4. Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð á tjóni notanda sem hlotist getur af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun notanda eða annars aðila með eða án hans umboðs á notkunarreglum Heimabanka og/eða apps. Einnig ber Sparisjóðurinn ekki ábyrgð á tjóni sem hlotist getur af galla eða bilun í vél- og tölvubúnaði, forriti eða þjónustu Heimabanka og/eða apps. Á sama hátt undanskilur Sparisjóðurinn sig ábyrgð á tjóni sem hlotist getur af röngum færslum notanda eða annars aðila. Sparisjóðurinn ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlotist getur vegna upplýsinga eða aðgerða þriðja aðila, s.s. Reiknistofu bankanna.

3.5. Bótaábyrgð Sparisjóðsins er bundin því skilyrði, að tjón notanda megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna Sparisjóðsins.

Sparisjóðurinn ber hins vegar ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til saknæmrar háttsemi annarra en starfsmanna Sparisjóðsins, eða ef tjón verður vegna utanaðkomandi atburðar án þess að starfsmenn Sparisjóðsins hafi átt þar hlut að máli, s.s. vegna tæknibilana eða annars konar truflana.

3.6. Sparisjóðurinn ábyrgist ekki tjón notanda sem verður við það, að aðrir en hann komist yfir og misnota lykilorð (númer fyrir auðkenningu) rafrænna skilríkja, notandanafn og/eða aðgangsorð sem varðar aðgang að reikningum og þjónustu notanda í Sparisjóðnum.

3.7. Fjárhæð bóta vegna slíkra mistaka sem greinir hér að ofan, skal takmarkast við beint tjón. Eigi Sparisjóðurinn kröfu á tjónþola skal honum heimilt að láta kröfurnar mætast með skuldajöfnuði svo langt sem skuldajöfnuðurinn kann að ná.

4. Uppsögn og lokun á aðgangi að Heimabanka og/eða appi

4.1. Aðilar samnings þessa geta hvenær sem er sagt samningnum upp. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 14 dagar og telst frá þeim degi sem uppsögn berst gagnaðila með sannanlegum hætti. Sé samningi sagt upp gjaldfalla allar skuldir og gjöld notanda við Sparisjóðinn vegna viðskipta þeirra á milli á grundvelli skilmála þessa. Uppgjör skal fara fram að öllu leyti við lok uppsagnarfrests.

4.2. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að loka Heimabanka og/eða appi tímabundið ef nauðsyn krefur. Sparisjóðurinn skuldbindur sig til að hafa viðskiptasiður sínar aðgengilegar á veraldarvefnum. Þó geta tæknibílanir valdið því að viðskiptasiður Sparisjóðsins verði óaðgengilegar um stundarsakir.

4.3. Sparisjóðurinn getur lokað fyrir aðgang notanda að Heimabanka og/eða appi og rift samningi þessum fyrirvaralaust og án tilkynningar meðal annars; ef notandi vanefnir á einhvern hátt skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum eða öðrum sem tengjast viðskiptum hans við Sparisjóðinn, ef notandi gefur fyrirmæli um að loka fyrir aðgang, notandi hefur gefið rangar eða villandi upplýsingar í tengslum við reikning eða þjónustu, hann gefið rangar upplýsingar við umsókn um aðgang að Heimabanka og/eða appi, aðgangur að Heimabanka og/eða appi eða reikningur eða þjónusta er notuð á ólöglegan hátt eða í ósamræmi við skilmála þessa eða aðra skilmála Sparisjóðsins. Þetta á einnig við ef um misnotkun eða tilraun til misnotkunar er að ræða af hálfu notanda. Leiti notandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða annarra sambærilegra réttaráræða, er Sparisjóðnum jafnframt heimilt að afturkalla fyrirvaralaust og án tilkynningar heimild notanda til að eiga viðskipti í heimabanka og/eða appi Sparisjóðsins. Hið sama gildir ef gert er árangurslaust fjárnám hjá honum, beðið er um uppboð á eignum hans, krafist er gjaldþrotaskipta á búi hans eða aðrar sambærilegar aðstæður koma upp sem að mati Sparisjóðsins gefa til kynna slæma fjárhagsstöðu notanda.

4.4. Notandi getur hvenær sem er lokað aðgangi að Heimabanka og/eða appi með því að láta Sparisjóðinn vita.

5. Samþykki skilmála, gildissvið og breytingar á skilmálum

5.1 Þessir skilmálar gilda um notkun Heimabanka og apps en til viðbótar getur notandi þurft að kynna sér og samþykkja sérstaka skilmála um tiltekna aðgerðir og vörur í lausnunum. Að auki gilda Almennir viðskiptaskilmálar Sparisjóðsins, Kreditkorta- og debetkortaskilmálar, sem og Almennir skilmálar innlánsreikninga. Í ákveðnum tilvikum gilda auk þess sérstakir skilmálar um viðskipti á milli aðila.

Með því að stofna aðgang og nota Heimabanka og/eða app Sparisjóðsins:

- staðfestir notandi að hafa kynnt sér skilmála þessa og samþykkir þá.
- skuldbindur notandi sig til að greiða gjöld samkvæmt verðskrá Sparisjóðsins og samþykkir að gjöldin verði skuldfærð af reikningi sínum hjá Sparisjóðnum.
- er notandi upplýst/ur um vinnslu persónuupplýsinga og heimilar vinnslu þeirra eins og lýst er hér að neðan.
- er notandi upplýst/ur um að hann beri ábyrgð á öllum aðgerðum sem framkvæmdar eru með stafrænum lausnum eftir að hafa stofnað aðgang að þeim s.s. Heimabanka og/eða appi. Notandi ber einnig ábyrgð á stofnun aðgangs að stafrænum lausnum (s.s. Heimabanka og eða appi) sem gerðar eru með hans rafrænu skilríkjum.
- er notandi upplýstur um að greiðsla með Heimabanka og/eða appi jafngildir greiðslu eins og hún er skilgreind í lögum um greiðsluþjónustu nr. 114/2021.
- gætir notandi þess að hann sé í reynd að skrá sig inn í Heimabanka og/eða app Sparisjóðsins og að nota öruggan búnað til að skrá sig inn.

Að svo miklu leyti sem ákvæði skilmála þessara falla undir gildissvið laga um greiðsluþjónustu teljast þau ákvæði vera viðbót við rammisamning um greiðsluþjónustu milli notanda og Sparisjóðsins í skilningi laga um greiðsluþjónustu.

5.2. Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að breyta skilmálum þessum, auka við þá eða fella úr gildi, reynist það nauðsynlegt að mati Sparisjóðsins. Notandi er bundinn við þær breytingar, nema hann tilkynni Sparisjóðnum um uppsögn á samningnum með sannanlegum hætti innan 14 daga frá tilkynningu eða auglýsingu um breytta skilmála eða þjónustu. Notandi skuldbindur sig til að kynna sér allar slíkar tilkynningar sem honum berast og til að fylgjast vel með tilkynningum á heimasíðu og/eða Heimabanka og appi Sparisjóðsins en notandi samþykkir með undirritun sinni að tilkynningar kunna að vera birtar eingöngu þar.

6. Persónuvernd

Þær persónuupplýsingar sem Sparisjóðurinn fær frá notanda eða þriðja aðila í tengslum við Heimabanka og app og eru notaðar við framkvæmd þjónustunnar eru unnar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga á hverjum tíma.

6.1 Vinnsla persónuupplýsinga

Við framkvæmd og í tengslum við þá þjónustu sem veitt er í Heimabanka og appi er nauðsynlegt að vinna ýmsar persónuupplýsingar t.a.m. samskiptaupplýsingar notanda, auðkenni, fjárhagsupplýsingar og opinberar upplýsingar. Með því að nota Heimabanka og app vistast einnig, eins og við á, ýmsar tæknilegar upplýsingar um það tæki sem notandi notar til að tengjast Sparisjóðnum þ.e. nafn, tegund og númer, stillingar snjalltækis m.t.t. tímasvæðis, tungumáls, aðgerðir sem framkvæmdar eru og IP-tölu í gagnagrunni Sparisjóðsins. Þessar upplýsingar verða m.a. nýttar í þágu notkunar notanda á Heimabanka og/eða appi, þróun þeirra og öryggis. Sjá nánar um tilgang vinnslu í kafla 6.2.

Notandi getur á hvaða tíma sem er látið loka aðgangi sínum að stafrænum lausnum. Athugaðu að lokun aðgangs felur ekki í sér eyðingu á gögnum.

Fingraför eða andlitsauðkenni sem notandi notar til að skrá sig inn í app eru ekki varðveitt hjá Sparisjóðnum.

6.2 Tilgangur vinnslu

Vinnsla persónuupplýsinga byggir aðallega á samningi við notanda, lögmætum hagsmunum Sparisjóðsins, samþykki og/eða lagaskyldu. Þannig geta upplýsingarnar t.d. verið notaðar í eftirfarandi tilgangi:

- til að auðkenna notanda t.d. með rafrænum skilríkjum eða öryggisnúmeri,
- til að senda notanda tilkynningar og upplýsingar um notkun á þjónustunni t.d. með því að senda notanda tölvupóst eða tilkynningar (e. Push notification),
- til þess að þróa Heimabanka og app og þá þjónustu sem þeim er ætlað að veita t.d. með því að mæla umferð og notkun, breyta efnistöfum og aðlaga þjónustuna, til að hafa eftirlit með útlánum og áhættu í starfsemi Sparisjóðsins eins og honum er skylt skv. lögum um fjármálafyrirtæki, til að gæta öryggis upplýsinga þinna og koma í veg fyrir sviksamlegt athæfi og ólöglegar aðgerðir t.d. með svikavakt, skráningu á öryggisatvikaskrá og tilkynningum til yfirvalda,
- til að framfylgja skyldum Sparisjóðsins að lögum t.d. með því að veita eftirlitsaðilum og yfirvöldum upplýsingar og gera áreiðanleikakönnun vegna varna gegn peningaþvætti og hryðjuverkum,
- til að senda tilkynningar um nýjungar í þjónustu og tilboð og með samþykki þínu, ef við á.

Sparisjóðurinn hefur lögmæta hagsmuni til þess að nýta persónuupplýsingar í markaðssetningarskyni en notandi getur ávallt óskað eftir því að upplýsingar séu ekki nýttar í þessu skyni með því að afskrá sig af póstlista. Notandi gerir það með því að velja hlekk í markaðspósti eða með því að senda tölvupóst á sisp@sisp.is. Einnig er hægt að loka fyrir tilkynningar (e. Push notification) í stillingum en sú aðgerð gildir eingöngu um þær tilkynningar.

Vinnsla getur einnig farið fram á grundvelli almannahagsmuna eða brýnna hagsmuna ef upp koma ófyrirséð tilvik.

6.3. Miðlun persónuupplýsinga

Upplýsingunum kann að vera deilt með þriðja aðila t.d. eftirlitsaðilum, yfirvöldum eða þjónustuaðilum á grundvelli samnings, lögmætra hagsmuna, lagaskyldu eða annarra heimilda í persónuverndarlögum. Jafnframt kann upplýsingum að vera deilt með þriðja aðila að þinni ósk.

Áskilinn er réttur til að koma ábendingum á framfæri við lögreglu um athæfi sem talið er ólöglegt.

Fyllsta öryggis er gætt við alla miðlun persónuupplýsinga.

Nánari upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga, varðveislu og réttindi notanda má nálgast á www.spar.is/personuvernd.

7. Öryggi

Upplýsingar eru ekki vistaðar í stafrænu lausnunum heldur eingöngu í grunnkerfum Sparisjóðsins og þjónustuaðila. Öll samskipti stafrænna lausna við grunnkerfi eru dulkóðuð og Sparisjóðurinn vinnur eftir virkri öryggisstefnu og ISO 27001 staðlinum.

8. Virkjun og auðkenning

Þegar appið er sótt og til að auka öryggi í snjalltækinu skuldbindur notandi sig til:

- að sækja forritið aðeins af dreifikerfi Apple í AppStore eða Google í PlayStore.
- að setja forritið ekki upp á snjalltæki með breyttu stýrikerfi eða Jailbreak eða með sambærilegum breytingum.
- að setja forritið eingöngu og aðeins upp á snjalltæki sem er í eigu eða umsjá notanda.
- að gera ekki eða láta gera breytingar á hugbúnaði þeim sem tengist appinu.

9. Yfirlýsing notanda

9.1. Notandi hefur kynnt sér þær reglur sem gilda um notkun Heimabanka og appi Sparisjóðsins og staðfestir með undirskrift sinni hér að neðan að hann muni fylgja þeim í hvívetna.

10. Varnarþing

10.1. Rísi mál vegna skilmála þessara eða deilur í tengslum við þá eða hvers konar ágreiningur milli notanda og Sparisjóðsins/þess sparisjóðs sem notandi á í viðskiptum við vegna notkunar notanda á Heimabanka eða appi Sparisjóðsins má reka slíkt mál í þeirri dómþinghá sem viðkomandi sparisjóður er starfandi í og hann á varnarþing í.

11. Sérákvæði þegar notandi er lögaðili

11.1. Notandi ber fulla ábyrgð á þeim aðgerðum sem starfsmenn hans framkvæma með réttum innskráningarupplýsingum og aðgangsorði/leyniorði hans hvort sem starfsmenn hans eru innan aðgangsheimilda sem notandi hefur úthlutað þeim eða ekki. Ákveði notandi að afturkalla eða breyta aðgangsheimild einstakra starfsmanna sinna eða ef starfsmaður hættir störfum og á ekki lengur að hafa aðgangsheimild, ber notandi ábyrgð á því að aðgangsheimild starfsmanns falli niður eða taki breytingum eftir því sem við á og hann ber ábyrgð á að tilkynna viðkomandi sparisjóð þar um án tafar og hann ber ábyrgð á að umboð og aðgangsheimildir að Heimabanka og/eða appi Sparisjóðsins séu afturkölluð með skriflegum hætti og því komið til viðkomandi sparisjóðs.

11.2. Skilmálar þessir og notkunarreglur eiga á sama hátt við um notandann sjálfan sem og þá starfsmenn lögaðila hans sem á hverjum tíma hafa aðgang að Heimabanka og/eða appi Sparisjóðsins.

11.3. Notandi skuldbindur sig til að kynna starfsmönnum sínum sem hafa/fá aðgang að viðskiptum í heimabanka og/eða appi Sparisjóðsins skilmála þessa og notkunarreglur. Öll önnur ákvæði í skilmálum þessum eiga við um lögaðila á sama hátt og einstaklinga.

12. Samþykki og undirritun

Með undirskrift sinni á skilmála þessa samþykkir notandi að hlíta þeim að öllu leyti og þeir teljast hluti af samningi notanda við Sparisjóðinn um Heimabanka og app Sparisjóðsins.